

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

**74. fundur stjórnar Brunavarna Árnæssýslu (BÁ) haldinn miðvikudaginn  
28. júní, 2006 að Austurvegi 52, Selfossi. (Slökkvistöð)**

**Mættir:**

**Einar G. Njálsson, formaður, Gunnar Þorgeirsson og Margeir Ingólfsson,  
í forföllum Snæbjörns Sigurðssonar**

**Einnig mætti á fundinn: Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri**

**Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 15.00**

1. Trúnaðarmál.  
Fært í trúnaðarbók.

2. Húsnæðismál slökkviliðs (Björgunarmiðstöðin)

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi gögn:

- Svör frá Björgunarfélagi Árborgar við spurningum sem settar voru fram á 7. fundi bygginganefndar BÁ um nýja slökkvistöð.
- “Skyldur leigusala” Listi frá Björgunarfélagi Árborgar þar sem skyldur leigusala eru taldar upp.
- “Skyldur leigukaupa” Listi frá Björgunarfélagi Árborgar þar sem skyldur leigukaupa eru taldar upp.
- Drög af viljayfirlýsingu milli Björgunarfélags Árborgar og Brunavarna Árnæssýslu um aðkomu BÁ að húsbýggingu Björgunarmiðstöðvar og leigu til 25 ára.
- Undirskriftuð yfirlýsing frá slökkviliðsmönnum í Árborg þar sem aðilar lýsa yfir áhyggjum vegna vinnuaðferða byggingaraðila í forvinnu að byggingu Björgunarmiðstöðvarinnar. Skorað er á stjórnendur BÁ að gera enga bindandi samninga fyrir en þarfagreining hefur átt sér stað.

Farið var yfir viljayfirlýsinguna og orðalagi breytt til að koma til móts við athugasemdir og tillögur slökkviliðsmanna. Samþykkt að undirrita fyrirbyggjandi viljayfirlýsingu svo breytta.

3. Samningur um brunavarnir á virkjunarsvæði.

Fyrir fundinum lágu drög af samningi milli BÁ annarsvegar og Landsvirkjunar og Landsnets hinsvegar þess efnis að BÁ muni annast brunavarnarmál á virkjunarsvæði Landsvirkjunar og Landsnets á Þjórsár- og Túngnársvæði.

**Samþykkt að ganga til samninga á grundvelli fyrirbyggjandi draga.**

**Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 16.10**

**Einar Njálsson    Gunnar Þorgeirsson    Margeir Ingólfsson  
Kristján Einarsson**